

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 12. apríl 2024  
UST202403-421/A.B.  
10.04.03

## Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Álftavatn - Rangárþings eystra

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþings eystra er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Álftavatn í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillagan nær til tveggja byggingarreita B1 og B2 í landi Álftavatns, L198192 (áður Vatnahjáleiga). Á byggingarreit B1 verður heimild fyrir 300 m<sup>2</sup> íbúðarhús, 500 m<sup>2</sup> hesthús og 500 m<sup>2</sup> skemmu. Á byggingarreit B2 verður heimilt að byggja sex 80 m<sup>2</sup> gestahús og hámarks mænishæð verður 5 m. Tillagan gerir einnig ráð fyrir 3 ha skógræktarsvæði við B2.

### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Tjarnir og Tjarnanes og er númer 719 sem aðrar náttúruminjar. Auk þess er svæðið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði<sup>1</sup>. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarp.”<sup>2</sup>

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um svæðin í tillögunni og það komi fram hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja. Að mati Umhverfisstofnunar getur uppbygging á svæðinu haft neikvæð áhrif á fuglalíf.

### Skógrækt

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að sveitafélagið sé að huga að skógrækt. Hins vegar getur skógrækt á að mati Umhverfisstofnunar haft neikvæð áhrif á fuglalíf. Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

<sup>1</sup> <https://vistgerdakort.ni.is/>

<sup>2</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

### **Mat á umhverfisáhrifum**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lögin háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Rakel Sæmundsdóttir

***sérfræðingur***